

Ársskýrsla Fagdeildar um áfengis- og vímuefnamál – starfsemi apríl 2024-apríl 2025

Fagfundur félagsráðgjafa um áfengis- og vímuefnamál var haldinn þann 22. apríl 2024. Á fundinum var skipað í nýtt fagráð, sem skipa:

- Soffía Hjördís Ólafsdóttir
- Ísabella Björnsdóttir
- Kristín Þórðardóttir
- Elísabet Kristjánsdóttir
- Erla Björg Sigurðardóttir, sem jafnframt gegnir hlutverki talsmanns fagráðsins.

Á fundinum fór fram almenn umræða um málaflokkinn og ákveðið var að halda málþing á haustdögum. Undirbúningur málþingsins hófst í framhaldinu og Steinunn Bergmann, formaður Félagsráðgjafafélag Íslands, hafði yfirumsjón með skipulagningu þess.

Á árinu voru haldnir átta fundir, að mestu í tengslum við undirbúning málþingsins sem fór fram á Grand Hótel þann 16. október 2024.

Málþing fagdeildarinnar 2024

Þema málþingsins var í samræmi við áherslur fagdeildarinnar, sem fylgist með þróun málaflokksins og breytingum á þjónustu við einstaklinga með vímuefnavanda.

Heilbrigðisráðherra setti málþingið með stuttu ávarpi. Kynnt var vinna starfshóps um nýja stefnu í áfengis- og vímuefnamálum.

Á málþinginu var meðal annars fjallað um:

- Ábyrgð í málaflokknum, úrræði og stefnumótun.
- Stöðu einstaklinga fyrir og eftir meðferð á Krýsuvík (langtímaeftirmeðferð).
- Samstarf stofnana – árangur og áskoranir (samstarf félagsþjónustu og LSH).
- Stöðu kvenna með vímuefnavanda og tengsl við heimilisofbeldi.
- Stöðu fanga eftir afplánun.
- Áhrif vímuefnavanda foreldra á fjölskylduna.

Fagdeildin leggur sérstaka áherslu á mikilvægi þess að mannréttindi einstaklinga með vímuefnavanda séu virt, auk þess sem bætt þjónusta við hópinn þarf að tryggja að hún mæti fjölbreyttum þörfum hvers og eins.

Þróun í málaflokknum

Aukin áhersla hefur verið á skaðaminnkandi úrræði í þjónustu við einstaklinga með miklar og flóknar þjónustubarfir og þjónustan styrkt. Betur má þó ef duga skal almennt með aukinni samþættri þjónustu ólíkra kerfa og aðila sem koma að málefnum umræddra einstaklinga. Sérhæfð úrræði þarf að styrkja og/eða koma á stofn fyrir t.d.:

- Fólk með tvígreiningu (vímuefnavanda og geðvanda).
- Fanga sem eru að ljúka afplánun.
- Foreldra með forsjárabyrgð.
- Konur með vímuefnavanda og áföll.
- Engin úrræði eru fyrir konur sem eiga við áfengis-og/eða annan vímuefnavanda að etja og verða fyrir heimilisofbeldi.
- Auka þarf forvarnir og snemmtæka íhlutun. Mikilvægt að grípa inn áður en vandinn verður mjög flókinn. Til dæmis með snemmtækri geðheilbrigðisþjónustu, stuðningi við börn og ungmenni o.s.frv.

Varðandi batamiðuð úrræði fyrir 18 ára og eldri má nefna að langir biðlistar eru eftir meðferðarúrræði hjá aðilum sem reka meðferð fyrir einstaklinga með vímuefnaröskun. Einnig er heimilisleysi áberandi meðal þeirra sem dvelja á áfangaheimilum að lokinni meðferð. Biðlistar eru einnig á áfangaheimili sem eru öll á höfuðborgarsvæðinu. Úrræðaleyfi veldur því skorti á samfelli í málefnum heimilislausra sem fara í meðferð vegna vímuefnaröskunnar.

Mikið úrræðaleyfi er í málefnum einstaklinga með áfengis-og annan vímuefnavanda sem yngri en 18 ára.

Undanfarin ár hafa verið stofnaðir starfshópar á vegum heilbrigðisráðuneytisins með það að markmiði að auka þekkingu og bæta úrræði í málaflokknum. Þar má nefna:

- Starfshóp um áfengis- og vímuvarnastefnu
- Starfshóp um stefnu í skaðaminnkun

Auk þess starfar endurhæfingarráð, sem skipað var af heilbrigðisráðherra og félags- og vinnumarkaðsráðherra. Endurhæfingarráðið er samstarfsvettvangur milli ráðuneyta og þjónustukerfa um endurhæfingu einstaklinga.

26. apríl 2025

Erla Björg Sigurðardóttir,
Talsmaður Fagdeildar um áfengis-og vímuefnamál